

Starfsáætlun 2025 - 2026

2. og 3. bekkur

Naustaskóli



Berglind Hannesdóttir

Hrund Thorlacius

Inga Huld Sigurðardóttir

Sigurður Óli Þorvaldsson

Stella Bryndís Karlsdóttir

Vala Björt Harðardóttir

Námsumhverfi og skipulag

Fjöldi nemenda verður 66. Fimm umsjónarkennarar, einn stoðkennari og tveir stuðningsfulltrúar verða í teyminu. Einn umsjónakennari verður með árgangablandaðan umsjónarhóp, en fjórir umsjónarkennarar verða með árgangaskipta umsjónarhópa.

Áhersla verður á að vinna með námshópana sem heild og að teymið taki sameiginlega ábyrgð á nemendum 2. og 3. bekkjar.

Við skipulagningu námsumhverfis verður unnið að því að skapa nemendum umhverfi þar sem hver og einn fær sín sem best notið. Nemendur munu eiga sitt heimaborð en munu vinna í fjölbreyttum hópum um allt svæðið. Heimaborð er helst notað að morgni til og í nestistímum. Kennarar munu leitast við að endurskipuleggja og bæta skipulag

eftir þörfum nemendahópsins. Lögð verður áhersla á fjölbreytt og snyrtileg svæði, gott og aðgengilegt skipulag að náms- og hjálpargögnum.

Í öllum námsgreinum eru námsmarkmið Naustaskóla höfð að leiðarljósi en þau eru unnin upp úr Aðalnámsskrá grunnskóla. Í vetur munu kennarar leggja aukna áherslu á leiðsagnarnám, með það að markmiði að veita nemendum leiðbeinandi mat jafnt og þétt yfir skólaárið. Unnið verður markvisst með hugarfar vaxtar og nemendum leiðbeint að tileinka sér það. Til dæmis verða Class Dojo myndbönd notuð við það sem og að umræðunni verður ávallt haldið á lofti í kennslustundum. Áhersla verður lögð á fjölbreyttar aðferðir í námsmati, svo sem munnlegt mat, verkefnamat og sjálfsmat. Hæfniviðmiðin verða metin jafnt og þétt og skráð inn í Mentor.

Það eru fastir hópar í sundi, smiðjum og umsjón. Sund verður einu sinni í viku og smiðjur tvisvar í viku. Í hringekjum verður unnið með fjölbreytta hópa svo hægt sé að mæta þörfum hvers nemenda.

Tengslakannanir ásamt nemendasamtali um líðan í skólanum eru gerð tvisvar á ári, í október og febrúar.

Stærðfræði

Í stærðfræði verður unnið að námsmarkmiðum skólans með fjölbreyttum kennsluaðferðum. Innlagnir verða út frá námsefni sem kallast *Neisti - lærum saman og hugsum djúpt*, þar sem rík áhersla er á umræður og samvinnu. Einnig verður unnið með námsbækurnar *Sproti og Stærðfræði spæjarar*, þar sem nemendur vinna ýmist sjálfstætt eða eftir skipulagi. Vikulega verður stöðvavinna þar sem lagðir verða inn nýir námsþættir í stöðvavinnu og innlögnum og nemendur munu fást við verkefni í ípad og vinna með hlutbundinn efnivið.

Byrjendalæsi

Í byrjendalæsi verður áhersla á að vinna BL í hringekju þar sem verður samkennd árganga og námsefni aðlagð að getu nemenda. Samþætting í íslensku, samfélags- og náttúrufræði.

Matslisti fyrir kennslu:

Gæðatextar og inntak

- [] Aldurssvarandi og vandaður texti sem grundvöllur
- [] Texti sem höfðar til áhuga nemenda
- [] Fjölbreytt verkefni út frá texta

- ☐ Tengsl við fyrri þekkingu nemenda

Tveggja þrepa nálgun

- ☐ Fyrsta þrep: Merking texta, samræður og upplifun
- ☐ Annað þrep: Tæknileg vinna með stafi, hljóð, orð
- ☐ Tenging merkingar og tæknilegra þátta
- ☐ Vinna frá heild til eindar og til baka

Einstaklingsmiðun

- ☐ Verkefni löguð að mismunandi getu
- ☐ Ólíkar leiðir að sömu markmiðum
- ☐ Misþung verkefni innan þema
- ☐ Úrræði fyrir nemendur með sérþarfir

Samþætting færniþátta

- ☐ Vinna með hlustun, tal/tjáningu, lestur og ritun
- ☐ Samþætting færniþátta í verkefnavinnu

Orðaforði og málskilningur

- ☐ Skipulögð vinna með lykilorð
- ☐ Fjölbreyttar aðferðir við orðaforðavinnu
- ☐ Skilningur á hugtökum
- ☐ Tenging við reynsluheim nemenda

Kennsluaðferðir, skipulag og námsmat

- ☐ Fjölbreyttar kennsluaðferðir, samvinna og sjálfstæði
- ☐ Leikur sem námsleið og tími fyrir þjálfun
- ☐ Fjölbreytt námsmat í samræmi við markmið
- ☐ Leiðsagnarmat, framfaramat og sjálfsmat

Samþætting, endurgjöf og heildarmat

- ☐ Tengsl við aðrar námsgreinar, samfélagsfræði og náttúrufræði
- ☐ Skýr endurgjöf og viðbrögð við frammistöðu
- ☐ Heildstæð nálgun og jafnvægi milli þátta

- [] Tækifæri fyrir hvern nemanda til að þróast á eigin forsendum

Notist bæði við gerð kennsluáætlana og reglulegt sjálfsmat á kennslu.

Byrjendalæsis þemu 2025-2026:

Sundkýrin Sæunn

Flökkusaga

Haustrígningar

Ástarsaga úr fjöllumum

Rauð viðvörun

Álfasaga um sjálfstraust

Íslenskir þjóðhættir

Hringrásir/líkami

Árstíðarverur

Nammigrís

Jákvæður agi

Í vetur verða vikulegir bekkjarfundir þar sem unnið er eftir áætlun og verkfæri jákvæðs aga kynnt. Í upphafi skólaárs verður búinn til bekkjarsáttmáli, skipt verður í hlutverk, unnið með lausnahjól og búnir til sameiginlegir lausna- og griðastaðir. Á bekkjarfundum eru tekin fyrir mál sem upp koma og börnunum kennt að setja mál á dagskrá. Þá verður hefðbundinni dagskrá bekkjarfundar fylgt þar sem mál á dagskrá verða tekin fyrir auk þess sem fjallað verður um áherslupætti í skólastarfinu og farið í hópeflisteiki.

Ársáætlun 2025 -2026 - Jákvæður agi				
Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
Bekkjarsáttmáli	Bekkjarfundar-form	Ég boð Setja mál á dagskrá	Það pirrar mig/Ég vildi óska - verkfærið	Hvað gerum við ef við gerum mistök?

Að skapa góðar venjur, kennarar viðhalda allan veturinn.	Hlutverkin í bekknum. Griðarstaður Lausnarstaður	Tilfinningahjól	Lausnahjólið	V-A-L - verkfærið Fyrirgefning
Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí
Bekkjarsáttmáli (upprifjun). Að virða fjölbreytileikann. Kalli krumpaði	Hvatning Settu þig í mín spor.	Að æfa hrós og þakkir. Lausnaleit	Fjórar hugmyndir að lausnaleit. Unnið með samvinnu og samskipti.	Unnið með samvinnu og samskipti.

Smiðjur

Þær smiðjur sem í boði eru fyrir 2.-3. bekk veturinn 2024-2025 eru: heimilisfræði, textílmennt, tækni og sköpun, myndmennt, og tónmennt. Nemendur eru í einni smiðju í einu í 6.skipti, fyrir og eftir áramót

Réttindaskóli Unicef

Leitast verður við að láta barnasáttmálann ná til þess náms sem fer fram á skólaárinu. Unnið verður með grein mánaðarins úr Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sýnd verða myndbönd og myndir og umræður verða í kjölfar hverrar innlagnar. Einnig verða unnar kannanir í tengslum við Réttindaskólann og þekking nemenda á Barnasáttmálanum könnuð.

Teymisvinna/teymiskennsla

Teymismeðlimir skipta með sér helstu verkum sem eru: Teymisformaður, ritari og föstudagspósturinn.

Teymisfundur með stjórnanda er vikulega. Skipulagsfundur er einu sinni í viku þar sem farið verður yfir skipulag komandi viku sem og nemendamál. Teymið leggur áherslu á að eiga góð samskipti við alla starfsmenn skólans og gætir þess að upplýsingaflæði sé gott innan teymis og við þá aðila sem koma að nemendahópnum s.s. skólaliða sem sinna frímínútnagæslu, íþróttakennara, smiðjukennara og skólastjórnendur.

Samkennsla árganga fer fram í smiðjum, sundkennslu, í þemum og útikennslu. Samkennsla á svæði 2. og 3. bekkjar er tvisvar í viku í stundatöflu. Einnig munu 2. og 3. bekkur fara í sameiginlegar vettvangsferðir. Markmiðið með samkennslu árganga er að nemendur 2. og 3. bekkjar kynnist og þannig sé stuðlað að góðum samskiptum. Með samkennslu gefst kennurum einnig kostur á að kynnast nemendum beggja árganga og geta þannig borið sameiginlega ábyrgð á nemendahópnum.

Útikennsla

Í útikennslu er stefnt að því að nýta nærumhverfið til náms og leiks. Útikennsla verður föst í stundatöflu tvisvar í viku og hópa rúlla á milli vikna. 3. Bekkur fer annan hvern mánudag og 2. bekkur annan hvern þriðjudag. Áhersla verður á liðsheild, þrautsegju og hópefli og unnið með orðaforða umhverfis og náttúru. Einnig verður mikið lagt upp úr hvernig best er að klæða sig eftir íslensku veðurfari.

Foreldrasamstarf

Haustfundur fyrir foreldra verður haldinn í lok september þar sem farið verður yfir starfið yfir veturinn. Á fundinum fer fram kosning á foreldra fulltrúum fyrir árgangana, fulltrúar frá tveimur börnum úr hvorum árgangi.

Vikulegt fréttabréf með helstu upplýsingum úr skólastarfinu sent í lok viku. Hafa þarf samband við kennara ef foreldrar óska eftir því að koma í skólann til að fylgjast með sínu barni og skólastarfinu.

Foreldrasamtöl með börnum eru einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn.